

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Útgáfudagur/ útgáfa: 08.02.2008 / 2

Kemur í stað: 12.10.2004 / 1

Útskriftardagur: 18.7.2011

1. VÖRUHEITI OG FRAMLEIÐANDI

Vöruheiti:	Glýserín-Joðófór
Framleiðandi:	MF Mjöll-Frigg ehf. Norðurhelli 10 221 Hafnarfjörður Sími: 512 3000 Fax: 512 3001 Netfang: mjollfrigg@mjollfrigg.is Heimasíða: www.mjollfrigg.is
Slys:	Hafið samband við lækni eða Eitrunarmiðstöð Landspítala-háskólasjúkrahúss í síma 543 2222. Hafið meðferðis merkimiða eða þessar öryggisleiðbeiningar ef leita þarf læknis. Sími Neyðarlínunnar er 112.

2. VARÚÐARUPPLÝSINGAR

Almennt:	Gufur efnisins erta augu og öndunarfæri mjög mikið. Varist að hita efnið yfir 40°C.
Innöndun:	Af gufu getur valdið sviða í nefi og koki, hósta og öndunarerfiðleikum.
Inntaka:	Veldur sárum sviða í munni og koki, magaverkjum, uppköstum, og niðurgangi. Einnig er hættu á ætingarsárum og losti ásamt skemmdum á nýrum.
Húð:	Snerting á óþynntu efni við húð getur valdið ertingu ásamt brúnlitun húðarinnar. Tilkynnt hefur verið um einstaka tilfelli þar sem ofnæmi og ofnæmisexem hefur komið upp eftir langvarandi og endurtekna snertingu.
Augu:	Slettur af þunnri lausn í augu valda sárum sviða, táraflóði og tímabundnum bólgum. Ef magnið er mikið og óþynnt er hættu á ætingarsárum.

3. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALD

Innihald (m.a.):	CAS-nr.	EINECS-nr.	Varnaðarmerki	H-setn.	Styrkur
Fosfórsýra	7664-38-2-	231-633-2	C	34	<5%
Joð	7553-56-2	231-442-4	Xi, N	41-50	<5%

Varnaðarmerki, hættu- og varnaðarsetningar, sjá lið 15.

4. SKYNDIÐHJÁLP

Almennt:	Ef að grunur um krankleika eða heilsutjón vaknar leitið þá strax læknis. Hafið þessar leiðbeiningar meðferðis.
Innöndun:	Ferskt loft, hvíld á hlýjum stað. Skolið nef og munn með vatni.
Inntaka:	Gefið strax nokkur glös af mjólk eða vatni, ef hinn slasaði er við fulla meðvitund. Framkallið ekki uppköst. Samstundis á sjúkrahús.
Snerting við húð:	Skolið strax með miklu vatni, innanklæða líka ef þarf. Fjarlægjið fót sem slettst hefur á.
Snerting við augu:	Mjög mikilvægt! Skolið strax með vatni að minnsta kosti í 15 mínútur (haldið augnlokunum sundurglennnum), og síðan strax á sjúkrahús. Augnlæknir.

5. BRUNI/AÐFERÐIR VIÐ AÐ SLÖKKVA ELD

Almennt:	Kælið nálægar birgðir af efninu með vatnsúða sé ekki unnt að fjarlægja þær hættulaust.
Brennanleiki:	Brennur ekki.
Slökkviefni:	Duft, froða, kolsýra, vatnsúði.
Hættuleg niðurbrots-efni við bruna:	Fosfóroxíð og joðið geta myndast.
Hlífðarbúnaður við slökkvistörf:	Hlífðargalli og reykjöfunarbúnaður.

6. EFNALEKI

Til verndar fólki:	Haldið fólki fjarri og notið persónuhlífar (sjá 8. lið).
Til verndar umhverfi:	Komið í veg fyrir að varan berist í niðurföll eða mengi grunnvatn eða jarðveg. Þynnið með miklu magni af vatni
Hreinsun:	Hreinsið upp með ísogsefni, t.d. sandi mold eða sambærilegu. Komið ísogsefninu í tóm ílát til förgunar (sjá 13. lið).

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

Meðhöndlun:	Almennar ráðstafanir sem tíðkast við meðhöndlun varasamra efna og alls ekki án viðeigandi hlífðarbúnaðar (sjá 8. lið). Haldið fjarri efnum sem geta hvarfast við vöruna (sjá 10. lið), sérstaklega klór og efnum sem innihalda klór. Fjarlægjið strax fatnað sem óhreinast af efninu. Varist að varan hitni yfir 40°C.
Geymsla:	Geymist í upprunalegu umbúðunum, lokuðum, á þurrum og vel loftræstum stað og þannig að ekki sé hætt á að varan komist í snertingu við sterk basísk efni, klór eða klórbætt efni. Æskilegt geymsluhitastig er 5-20°C. Geymslutími a.m.k. eitt ár sé leiðbeiningum um geymsluaðstæður fylgt.

8. EFTIRLIT MEÐ MENGUN / PERSÓNULEGUR HLÍFÐARBÚNAÐUR

Mengunarmörk: Skv. reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum gilda eftirfarandi meðal- og þakgildi fyrir fosfórsýru og joð:

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Meðalgildi	Þakgildi
Fosfórsýra	7664-38-2	231-633-2	1,0 mg/m ³	2,0 mg/m ³
Joð	7553-56-2	231-442-4		1,0 mg/m ³

Tæknilegar öryggis-ráðstafanir: Möguleiki til augn- og húðskolunar með vatni.

Persónuhlífar:

- **Augu:** Hlífðargleraugu eða andlitshlíf.
- **Hendur:** Hlífðarhaskar sem þola sýru.
- **Húð:** Vinnufatnaður sem þolir sýru.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Ástand og útlit:	Rauðbrúnn vökvi
Lykt:	Sérkennileg stingandi lykt.
Litur:	Rauðbrúnn
pH, óþynnt:	1 ± 0,1
pH, upplausn:	4 ± 0,2.
Suðumark:	Gefur frá sér eittraðar lofttegundir við upphitun.
Blossamark [°C]:	Ekkert.
Bræðslumark [°C]:	< 0 °C
Hætta á sjálfikveikju:	Engin.
Eðlisþyngd [kg/m³]:	1060 ± 10.
Leysanleiki í vatni:	Leysist í öllum hlutföllum.
Leysanleiki í öðrum leysiefnum:	Óþekktur.

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

Stöðugleiki:	Varan er stöðug við tilætlaða notkun, og réttar geymsluaðstæður.
Efni sem skal varast:	Forðist sérstaklega að varan komist í snertingu við sterk basísk efni þar sem efnablandan hvarfast á varmamyndandi hátt. Klór og klórbætt efni þar sem klórgas, sem er eitruð lofttegund, myndast. Ýmsa mjúkmálma s.b. ál, sink og tin, þar sem efnið tærir og getur valdið vetnismyndun með tilheyrandi sprengihættu. Óþynnt getur efnið hvarfast við asetýlen, fosfór og brennistein.

Hættuleg niðurbrots-efni:

Við bruna getur fosfóroxíð og joðið myndast, ef að efnið hitnar yfir 40°C er hætta á myndun joðíðs.

11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Almennt:	Sjá 3. lið.
Heilsuhætta:	Inntaka
Efni	LD50_{rotta} mg/kg
Fosfórsýra	1530
Joð	14000

12. HÆTTUR GAGNVART UMHVERFINU

Engar upplýsingar liggja fyrir um umhverfisáhrif vörunnar sjálfrar, en öll innihaldsefni brotna auðveldlega niður í umhverfinu. Engin uppsöfnun á innihaldsefnum í lífkeðjunni. Joð er eittrað vatnalífverum og hættumörk fyrir sjávarlífverur er 50 ppm miðað við óþynnta lausn.

13. FÖRGUN

Ekki má urða vöruna. Sé um lítið magn að ræða á að blanda vörunni varlega saman við mikið vatn og meðhöndlið eins og um lífittinn efnaleka sé að ræða (sjá 6. lið). Hafið samband við framleiðanda eða spilliefnamóttöku ef um mikið magn er að ræða. Tómar umbúðir skal skola a.m.k. tvisvar sinnum með vatni áður en þær eru endurnýttar, endurunnar eða fargað. Gallaða vöru á að senda til framleiðanda. Að öðru leit er vísað í reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

14. FLUTNINGUR

ADR, IMDG og DGR: Efnið fellur ekki undir reglugerð um hættulegan varning

15. UPPLÝSINGAR UM LÖG, REGLUGERÐIR EÐA REGLUR

Unnið samkvæmt reglugerð 1027/2005 um öryggisblöð, reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum ásamt síðari breytingum og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni ásamt síðari breytingum.

Merking:	Engin.
H-setningar:	Engar.
V-setningar:	
2	Geymist þar sem börn ná ekki til.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Útgáfudagur:	23.05.2011
Útgáfa:	3.
Kemur í stað:	08.02.2008
Höfundur:	Ásgeir Ívarsson.
Endurskoðað:	Richard Kristinsson.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru samdar með það í huga að koma á framfæri heilsu-, öryggis- og umhverfisupplýsingum er lúta að meðhöndlun og notkun vörunnar.

Þær upplýsingar sem fram koma eru byggðar á gögnum sem framleiðandi telur áreiðanleg. Sum þessara gagna eru látin í té af hráefnaframleiðendum og því getur framleiðandi ekki ábyrgst að þau séu í alla staði rétt.

Framleiðandi getur ekki stjórnað eða haft vitneskju um aðstæður og aðferðir við meðhöndlun, geymslu, notkun eða förgun vörunnar eftir að hún hefur verið seld kaupanda. Af þessum ástæðum tekur framleiðandi ekki ábyrgð á slysum eða öðru tjóni sem rekja má til eða er á einhvern annan hátt tengt meðhöndlun, geymslu eða notkun vörunnar.

Þessar öryggisleiðbeiningar voru einungis samdar fyrir þessa tilteknu vöru og því á einungis að nota þær í því sambandi. Sé varan blönduð öðrum efnum eða hún notuð sem hluti af annarri vöru er mögulegt að þessar öryggisleiðbeiningar séu ekki lengur viðeigandi.